

# Fundargerð 52. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 21. október kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**

Sævar Kristinsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG komu inn á stjórnarfundinn og kynntu verkáætlun vegna vinnu við stefnumörkun samtakanna. Ákveðið var að halda vinnufund með KPMG fyrir aðalfund sem verður haldinn 11. nóvember nk.

*Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni að skrifa undir verksamning við KPMG.*

### 2. **Breytingar á samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga - 2202001SO**

Stjórn samþykkti á fundi sínum 1. apríl 2022 að vísa tillögum vinnuhóps um breytingar á samþykktum SO til næsta aðalfundar. Til viðbótar við þær breytingar gerir stjórn tillögu að breytingu á 7 gr. samþykktarinnar sem felst í því að ekki þurfa að kjósa tvo skoðunarmenn til vara. Stjórn samþykkir tillöguna og vísar samþykktunum með breytingum til aðalfundar.

### 3. **Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2209001SO**

Unnið að undirbúningi fyrir aðalfund. Tillaga að fjárhagsáætlun 2023-2024 lögð fram.

*Samþykkt að stjórn leggi til við aðalfund að árgjald verði hækkað sem hér segir:*

*Flokkur 1: Hækkar úr 125.000 kr. í 150.000 kr.*

*Flokkur 2: Hækkar úr 250.000 kr. í 300.000 kr.*

*Flokkur 3: Hækkar úr 375.000 kr. í 450.000 kr.*

*og að gjaldið mun síðan fylgja vísitölu.*

*Samþykkt að stjórn leggi til við aðalfund að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.*

### 4. **Önnur mál - 2011004SO**

Rætt var um að fara í skoðunarferð um Sveitarfélagið Ölfus í kjölfar aðalfundar þann 11. nóvember næstkomandi.

Grétar Ingi Erlendsson mun taka að sér að skipuleggja slíka ferð.

Fundi var slitið kl. 10:30

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Árni Eiríksson

---

Díana Hilmarsdóttir

---

Einar Kristján Jónsson

---

Grétar Ingi Erlendsson

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir